

27.fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn í Ármúla 13, Akkur, föstudaginn, 4. apríl 2025, kl. 12.00-13.30

Fundinn sátu:

Sævar Birgisson, Eva Jósteinsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir (TEAMS) og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. **Fundargerð 26. fundar 14. mars 2025.**
Undirrituð og samþykkt.
2. **Yfirlit yfir stöðu og rekstur**
Nýtt merki um "Member of Visit Reykjavík" sem verður kynnt aðildarfélögum. Góð þátttaka í HITUMST og rætt um að reyna að vekja meiri athygli á því. Ákveðið hefur verið að leggja mikla áherslu á komu áhrifavalda og gera sérstaka herferð í vor því tengdu en ráðgert er að fylgjendur þessara áhrifavalda verði um 4.3 milljónir. Gera smá slagkraft í kynningu. FAM ferð í síðustu viku gekk vel en ljóst að það eru miklar áhyggjur á Bretlandsmarkaði. Út um allt vefurinn gengur vel og um 14 þús heimsóknir frá opnun. Ýmsir fundir á næstunni s.s. í tengslum við ferðakjarna í Hafnarfirði, þjónustu við ferðamenn í Reykjavík, öryggismál ofl. Könnun viðhorfi á meðal íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu fer af stað í apríl.
3. **Staða samninga við sveitarfélögin**
Búið að gera samantekt um starfsemina sem mun fylgja með samningi. Gert ráð fyrir að fari fyrir stjórn SSH, 4. maí.
4. **Siðareglur/samskiptasáttmáli Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins**
Rætt var um siðareglur á síðasta fundi sem nú hefur verið ákveðið að breyta í samskiptasáttmála og var ánægja með þá breytingu og breytingu á orðalagi. Verður sett á vef stofunnar og svo til kynningar á aðalfundi í haust.
5. **Markaðsmál – concept vinna**
Vinna sem unnin hefur verið innanhúss kynnt og var góður rómur gerður af henni.
6. **Önnur mál**
Vinnufundur stjórnar verður 20. maí, kl. 11.30 í Kópavogi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13.30.